



Dalabyggð

Minnisblað - 2110006

Til: Sveitarstjórnar
Frá: Oddvita, formanni byggðarráðs og sveitarstjóra
Efni: *Tillögur að breytingum á samþykktum Dalabyggðar*
Dags.: 5.11.2021

Lagt er til að 14. grein samþykktarinnar verði orðuð þannig:

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður. Skal sveitarstjórn, ráð eða nefnd bóka í upphafi fundar hverjar aðstæður sem mæla með notkun fjarfundarbúnaðarins eru.

Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundinum. Fundarmaður skal alla jafna vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur.

Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. Sveitarstjórnarlaga.

Greinargerð: Með þessari breytingu eru möguleikar til fjarfundar í sveitarstjórn, ráðum og nefndum víkkaðir út í samræmi við breytingar á sveitarstjórnarlögum frá því í vor.

Töluliður 5, stafliður B, 48. grein verði orðuð þannig:

Öldungaráð Dalabyggðar, Reykhóla og Strandabyggðar. Sveitarstjórn skipar tvo fulltrúa og tvo til vara.

Greinargerð: Sveitarstjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps hafa samþykkt ósk Strandabyggðar um aðild að sameiginlegu öldungaráði. Breytingin er gerð í samræmi við þá ákvörðun.